

Leiðbeiningar með fræðslu um launaseðilinn

1. Spjall, 10 mínútur

Leiðbeinandi segir í stuttu máli frá því sem framundan er í kennslunni og varpar fram spurningum til að fá nemendur til að hugsa um viðfangsefnið. Hér er um að gera fyrir leiðbeinandann að nota eigið hugarflug.

Dæmi um spurningar:


- „Hafið þig fengið launaseðil?“
- „Skoðið þið hann?“
- „Skiljið þið allt sem stendur á launaseðlinum?“
- „Eruð þið að vinna með skóla?“
- „Hvað gerið þið við launin ykkar?“

Leiðbeinandi skrifar hugtakið „Launaseðill“ á stórt blað og setur á vegg í skólstofunni, það má einnig nota töfluna eða veggspjald. Geyma þarf hugarkortið til að skoða síðar í kennslunni. Ef taflan er notuð er hægt að taka mynd.

„Hvað dettur ykkur í hug þegar þið hugsuð um launaseðil?“

Nemendur skrifa á litla miða (t.d. post-it miða) það sem þeim dettur í hug um hugtakið. Nemendur setja svo miðana sína við hugtakið á vegginn/veggspjald. Ef taflan er notuð er hægt að sleppa miðum og spyrja yfir hópinn og skrifa það jafnóðum á töfluna.

Hér á eftir má sjá dæmi um hugarkort. Sniðugt er að nota tvo liti af miðum/tússpennum fyrir fyrra og seinna skiptið, svo nemendur sjái hvað þeir hafa lært af þessu verkefni.



2. Myndband og fræðsla um launaseðilinn, 20 mínútur

Nú dreifir leiðbeinandi prentuðum eintökum af launaseðli til hvers nemanda og spilar ákveðið myndand af vefsíðu Fjármálavits sem útskýrir það sem stendur á launaseðlinum.

Eftir myndbandið er gott að staldra við og spyrja nemendur út í myndbandið og fara með þeim yfir launaeðilinn sem er sá sami og fjallað var um í fræðslumyndbandinu.

„Hvað kom fram í þessu myndbandi, nefnið dæmi?“

„Hver er t.d. munurinn á dagvinnu og eftirvinnu?“

„Hvað er orlof, lífeyrissparnaður, stéttarfélag og skattar?“

Leiðbeinandi hefur nánari útskýringar á launaliðum og frádráttarliðum í handriti á vefsíðu Fjármálavits.

3. Síðara hugarkort

Nú biður leiðbeinandinn nemendur um að horfa ekki á launaseðilinn og bæta við hugakortið út frá því sem þeir voru að læra. Gott er að nota annan lit af tússpenna/miðum svo nemendur sjái allt það sem þeir hafa lært (sjá myndinda að ofan).

„Er eitthvað af hugtökunum á kortinu sem þið mynduð vilja losna við af launaseðlinum?“

„Af hverju?“

4. Kahoot – leikur

Endum á [kahoot – leik](#) um launaseðilinn sem þau eru búin að vera að fjalla um. Þau geta unnið einn og einn eða tvö til þrjú saman. Nánari upplýsingar um leikinn eru í handritinu á vefsíðunni.

Notendanafn: Fjarmalavit

Lykilorð: Launaseðill